Sþ. 809. Tillaga til þingsályktunar [459. mál]

um ráðstafanir til lækkunar helstu kostnaðarliða í búrekstri.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Margrét Frímannsdóttir, Skúli Alexandersson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd þingmanna skipaða fulltrúum allra flokka, einum frá hverjum flokki, til að gera í samráði við samtök bænda og verðlagsyfirvöld úttekt á helstu kostnaðarliðum í búrekstri.

Nefndin skal jafnframt gera tillögur um aðgerðir sem dregið geta úr tilkostnaði við framleiðslu búvara og lækkað búvöruverð og bætt kjör bænda.

Niðurstöður af starfi sínu skal nefndin leggja fyrir Alþingi í formi skýrslu. Kostnaður af starfi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Bændur eru í atvinnurekstri sínum næsta varnarlausir gagnvart einhliða verðákvörðunum ýmissa aðila sem þeir verða að skipta við og eru nýlegar hækkanir á tryggingaiðgjöldum í landbúnaði gott dæmi þar um. Ýmsir fyrirferðamiklir útgjaldaliðir í búrekstri eru verðlagðir og ákvarðaðir einhliða af stjórnvöldum eða viðskiptaaðilum án þess að bændur eða samtök þeirra fái að gert.

Öllum er ljóst að brýn nauðsyn er að lækka tilkostnað við framleiðslu búvara til þess að gera þær vörur betur samkeppnisfærar í verði og til að auka þann hlut sem búreksturinn skilar til launagreiðslna. Það er skoðun flutningsmanna að kerfisbundin úttekt á helstu kostnaðarliðum í búrekstrinum sé nauðsynlegur undirbúningur aðgerða á þessu sviði. Slík úttekt þarf að beinast jöfnum höndum að kostnaði vegna aðfanga og aðkeyptrar þjónustu og möguleikum sem þar eru til lækkunar en einnig að möguleikum til hagræðingar í búrekstrinum sjálfum.

Verðlagsgrundvöllur búrekstrarins byggist eins og kunnugt er á tilkostnaði eins og hann er, eða var, hjá tilteknu úrtaki búa en ekki endilega eins og hann gæti verið. Hluti af nefndarstarfinu, sem tillagan gerir ráð fyrir, yrði að kanna möguleika atvinnugreinarinnar í heild til að ná betri kjörum á aðföngum og þjónustu. Sem dæmi mætti nefna þann möguleika að samið yrði um sérstaka heildartryggingu, pakkatryggingu, í landbúnaði í stað núverandi fyrirkomulags.

Óþarfi er að fjölyrða um tilefni tillögunnar að öðru leyti en um frekari rökstuðning vísast til framsöguræðu og fylgiskjala.

Fylgiskjal I.

Framleiðsluráð landbúnaðarins:

Verðlagsgrundvöllur sauðfjárafurða, mars 1988.
(400 vetrarfóðraðar kindur.)

G J Ö L D

1. Kjarnfóður.			
Kjarnfóðurblanda...4.200 kg.....19,25	kr.	80.837,40	
Grasköggar.....1.760 kg.....12,00	"	21.120,00	
Fóðursölt, lýsi o.fl.....	"	11.805,43	kr. 113.762,83
2. Áburður.			
Köfnunarefni....4.555 kg.....35,93	kr.	158.738,74	
Fosfórsýra.....2.348 kg.....27,78	"	63.282,84	
Kalí.....1.762 kg.....14,24	"	24.336,16	kr. 246.357,74
3. Rekstrarvörur			
Sáðvörur.....	kr.	7.538,09	
Heybindigarn.....	"	22.275,25	
Íblöndunarefni.....	"	5.156,82	
Verkfæri og áhöld.....	"	17.058,81	kr. 52.028,97
4. Vélar			
Díselolía (2500 ltr.).....8,60	kr.	21.500,00	
Smurolía og frostlögur	"	7.709,00	
Varahlutir og gúmmí.....	"	51.724,83	
Hluti rekst.kostn. bifr.....	"	59.167,18	
Aðkeypt viðgerðarvinna.....	"	11.979,89	kr. 152.080,90
5. Flutningar			
Á kjarnfóðri.....	kr.	7.933,59	
Á áburði og sáðvörum.....	"	12.982,25	
Á sláturfé	"	17.138,37	
Á öðrum vörum.....	"	1.572,55	kr. 39.626,76
6. Þjónusta			
Dýralæknir og lyf.....	kr.	31.130,34	
Sæðingar.....	"	1.894,05	
Rafmagn.....	"	28.793,54	
Póstur og sími.....	"	13.528,50	kr. 75.346,43
7. Viðhald			
Málning.....	kr.	5.568,38	
Timbur og saumur.....	"	5.997,23	
Girðingar og vegabætur.....	"	4.898,76	
Annað.....	"	20.083,33	kr. 36.547,70
8. Ýmis gjöld			
Trygging húsa, fóðurs og starfsfólks..	kr.	27.385,56	
Fasteignaskattur.....	"	17.910,94	
Aðstöðugjald.....	"	14.739,67	
Fjallskil.....	"	3.370,93	
Land og tækjaleiga.....	"	4.105,79	kr. 67.512,89
BREYTILEGUR KOSTNAÐUR	ALLS KRÓNUR:		783.264,22

AFSKRIFT HÚSA OG VÉLA

Hús að meðalverðmæti kr.	2.160 936	4% afskr.	kr.	86.264,55
Vélar að meðalverðmæti kr.	1.287.351	10% afskr.	"	129.249,96
			kr.	215.514,51

VEXTIR AF FJÁRFESTINGU

Í húsum	2.160.936	2,00%	kr.	43.132,27
Í vélum	1.287.351	2,00%	"	25.850,00
			kr.	68.982,27

LAUN

hækkun %	0,00			
3.680 klst. á	215,55 kr./klst.		kr.	793.224,00
26,253% álag			"	208.245,10
4,3% vegna fridaga			"	43.063,17
10,17% orlof			"	106.228,93
Sjúkragjald			"	11.507,61
				1.162.268,81

KOSTNAÐUR ALLS..... kr. 2.230.029,81

T E K J U R

SAUÐFJÁRAFURÐIR.

1. Kjöt Kg.	MAGN		VERÐ	
Úrvalsfl. DI*	64,00	KG á	277,59	17.765,76
1. verðfl. DI	5.484,00	KG á	264,63	1451.230,92
2. verðfl. DII,DIIO,VI.....	819,00	KG á	234,88	192.366,72
3. verðfl. DIIOO,DIII,VII,ÆIZ .	192,00	KG á	198,48	38.108,16
4. verðfl. DIV,SI,GI,GII,ÆI,HI.	570,00	KG á	143,91	82.028,70
5. verðfl. ÆII	357,00	KG á	112,23	40.066,11
6. verðfl. ÆIII	139,00	KG á	85,61	11.899,79
Kjöt alls.	7.625,00			1833.466,16

2. Slátur stk.	MAGN		VERÐ	
Slátur af dilkum	462,00	STK. á	215,41	99.519,42
Slátur af fullorðnu fé	59,00	STK. á	114,57	6.759,63
Slátur alls.	521,00	STK.		106.279,05

3. Gærur kg.	MAGN		VERÐ	
a) Dilkagærur aðrar en b).....	1.171,00	KG. á	93,69	109.710,99
b) Dilkagærur svartar og tvílit.	172,00	KG. á	61,44	10.568,71
c) Gærur af fullorðnu fé	242,00	KG. á	58,65	14.193,30
Gærur alls.	1.585,00	KG.		134.473,00

4. Ull kg.	MAGN		VERÐ	
Úrval	123,00	KG. á	246,78	30.353,94
1. flokkur	349,00	KG. á	199,54	69.639,46
2. "	88,00	KG. á	104,79	9.221,52
3. "	98,00	KG. á	42,92	4.206,16
Svört	39,00	KG. á	159,65	6.226,35
Grá	53,00	KG. á	159,93	8.476,29
Mórauð	27,00	KG. á	199,54	5.387,58
Ull alls.	777,00	KG.		133.511,30

SAUÐFJÁRAFURÐIR ALLS	2.207.729,51
5. Aðrar tekjur	22.300,30
TEKJUR ALLS	2.230.029,81

Reykjavík, 1. mars 1988,

FRAMLEIÐSLURÁÐ LANDBÚNAÐARINS

Hækkun frá 1. des. 1988 4,44%

Verðlagsgrundvöllur (kúabú) mars 1988.
(22 kýr með geldneytum.)

G J Ö L D

1. Kjarnfóður.			
Kjarnfóðurblanda.826 KG á árskú x 19,13	kr.	347.666,70	
Grasköggar.....86,2 KG á árskú x 12,00	"	22.756,80	
Fóðursölt, lýsi o.fl.....	"	50.272,38	kr. 420.695,89
2. Áburður.			
Köfnunarefni....4.116 kg.....35,93	kr.	147.887,88	
Fosfórsýra.....2.121 kg.....27,78	"	58.921,38	
Kali.....1.592 kg.....14,24	"	22.670,08	kr. 229.479,34
3. Rekstrarvörur			
Sáðvörur.....	kr.	14.257,57	
Heybindigarn.....	"	18.057,64	
Íblöndunarefni.....	"	5.774,56	
Hreinlætisvörur.....	"	16.137,00	
Verkfæri og áhöld.....	"	25.174,19	kr. 79.400,96
4. Vélar			
Díselolía (2500 ltr.).....8,60	kr.	21.500,00	
Smurolía og frostlögur	"	7.261,41	
Varahlutir og gúmmí.....	"	57.342,57	
Hluti rekst.kostn. bifr.....	"	59.175,22	
Áætlað viðgerðarvinna.....	"	24.007,26	kr. 169.286,45
5. Flutningar			
Á kjarnfóðri.....	kr.	16.289,17	
Á áburði og sáðvörum.....	"	8.184,67	
Á mjólk/sláturgripum.....	"	118.586,59	
Á öðrum vörum.....	"	2.844,23	kr. 145.904,66
6. Þjónusta			
Dýralæknir og lyf.....	kr.	46.525,24	
Sæðingar.....	"	20.475,02	
Rafmagn.....	"	67.807,82	
Póstur og sími.....	"	13.670,13	kr. 148.478,21
7. Viðhald			
Málning.....	kr.	7.084,02	
Timbur og saumur.....	"	3.838,97	
Girðingar og vegabætur.....	"	7.828,01	
Annað.....	"	28.734,62	kr. 47.485,62
8. Ýmis gjöld			
Trygging húsa, fóðurs og starfsfólks..	kr.	29.573,46	
Fasteignaskattur.....	"	15.645,84	
Aðstöðugjald.....	"	13.101,74	
Land og tækjaleiga.....	"	4.132,68	kr. 62.453,72

BREYTILEGUR KOSTNAÐUR ALLS KRÓNUR: 1.303.184,85

AFSKRIFT HÚSA OG VÉLA

Hús að meðalverðmæti kr.	2.852.252	4% afskr.	kr.	113.861,90
Vélar að meðalverðmæti kr.	1.857.851	10% afskr.	"	186.528,24
			kr.	300.390,14

VEXTIR AF FJÁRFESTINGU

Í húsum	2.852.252	2,00%	kr.	56.930,95
Í vélum	1.857.851	2,00%	"	37.305,65
			kr.	94.236,60

LAUN

3.784 klst. á	215,55 kr./klst.	kr.	815.641,20
26,253% álag		"	214.130,28
4,3% vegna frídaga		"	44.280,17
10,17% orlof		"	109.231,05
Sjúkragjald		"	11.832,83
		kr.	1.195.115,53

KOSTNAÐUR ALLS..... kr. 2.892.927,12

TEKJUR

	MAGN		VERÐ
1. Mjólk	77.710,00 ltr.	32,8519	2.552.920,17

2. Kjöt	MAGN			VERÐ
1. verðfl. UNI*	82,00	KG	266,49	21.852,18
2. " UNI	486,00	KG	236,60	114.987,60
3. " UNII, NI,AKI	193,00	KG	208,68	40.275,24
4. " NII, AKII,KI, UKI	201,00	KG	178,86	35.950,86
5. " KII	377,00	KG	166,03	62.593,31
6. " UKII,AKIII,UNII,KIII	126,00	KG	136,42	17.188,92
7. " UKIIIA	70,00	KG	115,59	8.091,30
8. " UKIIIB	61,00	KG	96,58	5.891,38
	1.596,00	KG.		306.830,79

3. Húðir		4.246,89
4. Aðrar tekjur		28.929,27

TEKJUR ALLS..... kr. 2.892.927,12

Reykjavík, 1. mars 1988,
RAMLEIÐSLURÁÐ LANDBÚNAÐARINS

Hækkun frá 1. des. 1987 4,17%

Gunnlaugur A. Júlíusson
Stéttarsambandi bænda

Greinargerð

með útreikningum á verðlagsgrundvelli landbúnaðarins haustið 1987.

1. Inngangur.

Haustið 1986 var verðlagsgrundvelli landbúnaðarins breytt verulega eins og kunnugt er. Gamla grundvellinum, sem náði bæði yfir sauðfjár- og mjólkurframleiðslu, var skipt í tvennt. Við uppstillingu nýrra grundvalla var gengið út frá því að vinnuframlag yrði nokkuð jafnt í þeim báðum, og bústærðin í ærgildum talið yrði ekki langt frá gamla grundvellinum.

Á síðastliðnu ári var lögð mikil vinna í að kanna einstaka þætti grundvallanna, þannig að þeir yrðu eins réttir og unnt væri. Í því sambandi lét Stéttarsamband bænda kanna skattframtöl rúmlega 200 bænda frá árinu 1983, Hagstofa Íslands lét kanna skattframtöl um 700 bænda frá árinu 1984, og síðan voru notaðar niðurstöður búreikninga frá árinu 1984 og bráðabirgðaniðurstöður fyrir 1985. Við samanburð á þessum gögnum kom í ljós að samræmi milli niðurstaðna var ótrúlega mikið, og var í framhaldi af því ákveðið að nota niðurstöður búreikninga sem meginheimildir við endanlega uppsetningu á verðlagsgrundvöllunum.

Þegar endanleg gerð verðlagsgrundvallanna lá fyrir kom í ljós að þörf á verðhækkun mjólkur var óveruleg, en allmikil á kindakjöti. Í framhaldi af því var samið um að 11,30% af heildarniðurstöðu gjaldahliðar, aðrar tekjur og frestun á verðhækkun til 1.9. 1987, kæmu á móti 800 tonna aukningu á verðábyrgð ríkisins á kindakjöti á verðlagsárinu 1986/87.

2. Haustið 1987.

Eftir þá miklu vinnu sem lögð var í undirbúning verðlagsgrundvallar haustið 1986, var ekki talin þörf á að fara ítarlega niður í alla liði grundvallarins, heldur var megináhersla lögð á að endurskoða stærstu útgjaldaliði hans.

Samkomulag náðist í Sexmannanefnd um að leggja aðaláherslu á að endurskoða eftirtalda þætti verðlagsgrundvallarins:

1. Vinnu- og launaliður.
2. Kjarnfóður.
3. Áburður.
4. Fjárfestingar- og vaxtakostnaður.

Þar eð gögn frá Hagstofu og Búreikningastofu komu seint, var minni vinna en ætlað var lögð í endurskoðun á lið 4, en aðaláhersla lögð á fyrstu þrjá liðina. Eftirfarandi niðurstöður liggja fyrir:

2.1. Vinnuliður:

Gerð var nákvæm athugun á vinnuþörf á einingu búfjár (vetrarfóðraða kind/ársku) samkvæmt gögnum frá Búreikningastofu landbúnaðarins fyrir árin 1985 og 1986. Við samningu verðlagsgrundvallar haustið 1986 var ákveðið að nota niðurstöður þriggja ára sem grunn fyrir vinnumagn á einingu í verðlagsgrundvelli, og voru þá notaðar niðurstöður frá árunum 1982 — 1984, þar sem ekki lágu fyrir niðurstöður frá árinu 1985. Því féllu nú árin 1982 og 1983 burt, en inn komu árin 1985 og 1896. Skráðar voru upplýsingar um heildarvinnustundir, dreifingu vinnunnar og búfjárfjölda (nautgripir og sauðfé) hjá öllum þeim bændum sem halda vinnuskýrslur. Þegar reiknaðar höfðu verið út vinnustundir á kú/kind, voru felldir út þeir bæir sem á einhvern hátt mátti telja að óeðlilegt væri að kæmu með í endanlega útreikninga.

Ekki voru tekin með gögn frá eftirfarandi aðilum:

a) Þar sem búfjárfjöldi var minni en 10 kýr eða 100 fjár.
b) Þar sem búfjárfjöldi var meiri en 60 kýr eða 700 fjár.
c) Þar sem frávik í vinnustundafjölda á einingu var meira en +/− 50% frá vinnuþörf á einingu í verðlagsgrundvelli.

Niðurstöður eru sem hér segir:

Tafla 1. Vinna á árskú (klst) árið 1985.

Bústærð (árskýr)	Vinna/ein	Fjöldi búa
10 — 19.9	191.52	13
20 — 29.9	169.4	24
30 — 39.9	149.9	11
> 40	149.78	5
Samtals		53
Vegið meðaltal	168.93	

Tafla 1, frh. Árið 1986.

Bústærð (árskýr)	Vinna/ein	Fjöldi búa
10 — 19.9	184.45	17
20 — 29.9	167.18	19
30 — 39.9	153.66	10
> 40	157.30	4
Samtals		50
Vegið meðaltal	169.56	

Tafla 2. Vinna á vetrarfóðraða kind (klst) árið 1985.

Bústærð (fjárfjöldi)	Vinna/ein	Fjöldi búa
100 — 199	8.93	16
200 — 299	9.22	16
300 — 399	8.55	15
> 400	9.22	10
Samtals		57
Vegið meðaltal	8.96	

Tafla 2, frh. Árið 1986.

Bústærð (fjárfjöldi)	Vinna/ein	Fjöldi búa
100 — 199	9.69	13
200 — 299	9.32	18
300 — 399	9.47	10
> 400	9.75	8
Samtals		49
Vegið meðaltal	9.52	

Niðurstöður búreikninga frá þremur síðustu árum sýna eftirfarandi niðurstöður, sjá töflu 4.

2.2. Kjarnfóður:

Athugun á kjarnfóðurnotkun á grip var framkvæmd á sviðaðan hátt og athugun á vinnumagni á grip. Upplýsingar voru teknar úr öllum tiltækum búreikningum, þar sem samsetning búfjárins var eðlileg frá sjónarhorni þessarar könnunar, þ.e. öllum búum þar sem svín, hænsn og holdanaut voru í einhverjum mæli var sleppt.

Tafla 4. Þriggja ára yfirlit um vinnuþörf á einingu.

	1984	1985	1986	Meðaltal
Kýr	175.0	168.9	169.6	171.17 klst/ein
Sauðfé	9.2	8.96	9.52	9.20 klst/ein

Þegar fyrstu niðurstöður lágu fyrir, voru eftirtalin bú hreinsuð burt:

a) Bú með minna en 10 kýr og/eða 100 fjár.
b) Kúabú þar sem frávik í fóðurbætisnotkun var meir en +/− 50% frá kjarnfóðurmagni í grundvelli.
c) Sauðfjárbú þar sem kjarnfóðurnotkun var meiri en 50% meiri en reiknað er með í grundvelli.

Við uppgjör talna frá árinu 1986 var skilið á milli fiski- og síldarmjöls annars vegar og kjarnfóðurs hins vegar, til að fá hugmynd um hlutdeild alíslensks fóðurs í fóðurbætisgjöf búfjárins.

Niðurstöður voru eftirfarandi:

Tafla 5: Kjarnfóðurnotkun kúa (kg) árið 1985.

Bústærð (árskýr)	Kjarnfóður	Grasköggar	Fjöldi búa
10 — 19.9	889	102	30
20 — 29.9	864	53	44
30 — 39.9	879	44	24
> 40	616	63	8
Samtals			106
Vegið meðaltal	855.8	65.6	

Kjarnfóðurnotkun kúa árið 1986 (kg).

Bústærð (ársk.)	Fiskimj.	Kjarnf.	Grask.	Fjöldi búa
10 — 19.9	28.2	639.5	98.6	37
20 — 29.9	30.4	723.7	29.9	42
30 — 39.9	39.7	598.7	57.0	21
> 40	58.5	468.4	54.7	5
Samtals				105
Vegið meðaltal	31.6	632.8	58.5	

Tafla 6. Kjarnfóðurnotkun sauðfjár (kg) árið 1985.

Bústærð (fjárfjöldi)	Kjarnfóður	Grasköggar	Fjöldi búa
100 — 199	12.4	2.6	39
200 — 299	12.9	5.3	23
300 — 399	10.4	3.0	27
> 400	14.2	4.0	16
Samtals			105
Vegið meðaltal	12.27	3.51	

Tafla 6, frh. Kjarnfóðurnotkun sauðfjár, kg, árið 1986.

Bústærð	Fiskimj.	Kjarnf.	Grask.	Fj. búa
100 — 200	3.62	3.71	3.62	33
200 — 299	4.53	6.2	5.94	30
300 — 399	4.39	4.71	4.13	23
400 — 499	5.91	3.11	2.88	8
> 500	3.73	4.4	2.76	6
Samtals				100
Vegið meðaltal	4.04	4.68	4.32	

Niðurstöður búreikninga sýna að eftirfarandi þróun hefur átt sér stað í kjarnfóðurnotkun á þremur síðustu árum. Sjá töflu 7.

Tafla 7. Yfirlit um kjarnfóðurnotkun síðustu þriggja ára.

	1984	1985	1986	Meðaltal
Kýr: Kjarnf.(kg)	952.0	855.8	664.4	825.1
Grask.(kg)	132.6	65.6	58.5	85.6
Sauðfé: Kjarnf.(kg)	18.5	12.3	8.7	13.2
Grask.(kg)	5.4	3.5	4.3	4.4

Ákveðið var að nota einungis niðurstöður síðustu tveggja ára við útreikning á kjarnfóðurnotkun sauðfjár. Kjarnfóðurnotkunin hefur minnkað frá árinu 1984 um meira en 50% á hverja vetrarfóðraða kind.

2.3. Áburður:

Erfitt er að meta notkun einstakra áburðartegunda eftir gögnum frá Búreikningastofu, nema því aðeins að fara ofan í frumgögn, þar sem yfirlit um áburðarnotkun er gefið í heildarnotkun, en ekki sundurliðuð milli áburðartegunda. Þetta stafar af fjölda áburðartegunda á markaði og að of rúmfrekt væri að gefa yfirlit um hverja tegund fyrir sig. Til að fá yfirlit um breytingar í áburðarnotkun milli ára, var sú leið farin að umreikna kostnað þann við áburðarnotkun, sem kemur fram í ársskýrslu Búreikningastofunnar á kúa- og sauðfjárbúum, til verðlags ársins 1987. Síðan er ærgildafjölda í nautgripum/sauðfé deilt upp í þann hluta af áburðarkostnaði, sem fellur á aðalbúgreinina (nautgripi/sauðfé).

Niðurstöðurnar koma fram í töflu 8, sjá hana.

Í töflu 8 kemur fram hve miklu hærri kostnaður fer hlutfallslega í áburðarkaup á sauðfjárbúum en kúabúum. Einnig kemur fram að kostnaður við áburðarkaup hefur farið minnkandi á undanförnum árum, sem stafar að hluta til af hagstæðu veðurfari.

Tafla 8. Áburðarnotkun, kr. á ærgildi (verðlag maí 1987).

	1984	1985	1986	Meðalt. 3ja ára	Meðaltal 2ja síðustu ára
Kýr (kr/ærgildi):	456.1	362.1	327.5	381.9	344.8
Sauðfé (kr/ærgildi):	804.9	663.6	567.5	678.7	615.6

Tafla 9. Ýmsar tekjur sem hlutfall af heildartekjum kúa- og sauðfjárbúa.

	1984	1985	1986	Meðaltal
Kúabú:	1.28%	1.0%	0.9%	1.06%
Sauðfjárbú:	1.93%	1.1%	0.8%	1.28%

Tafla 10. Skipting ýmissa tekna í búreikningum.

	Kúabú (%)	Sauðfjárbú (%)			Meðaltal
	(1986)	(1984)	(1985)	(1986)	fjárbú
Heysala	39.6%	4.0%	4.1%	9.2%	5.8%
Eigin vinna v. framkv.	8.8%	60.4%	50.0%	60.7%	57.0%
Söluhagnaður búvéla	32.3%	22.5%	29.6%	28.1%	26.7%
Annað	19.3%	13.1%	16.3%	2.0%	10.5%
Samtals	100.0%	100.0%	100.0%	100.0%	100.0%

2.4. „Ýmsar tekjur".

Ágreiningur varð í Sexmannanefnd um liðinn „Ýmsar tekjur". Það var sjónarmið fulltrúa framleiðenda að einungis væri réttlætanlegt að taka með í þennan lið þá tekjuliði sem hægt væri að færa rök fyrir að stofni til kostnaðar sem sé að finna í gjaldahlið viðkomandi verðlagsgrundvallar.

Samkvæmt upplýsingum frá Búreikningastofunni hefur liðurinn „ýmsar tekjur" verið sem hlutfall af heildartekjum kúa- og sauðfjárbúa sem hér segir á síðustu þremur árum (1984 — 1986):

Á árinu 1984—1986 skiptust „ýmsar tekjur" upp á eftirfarandi hátt á sauðfjárbúum samkvæmt niðurstöðu búreikninga (einungis er tekið eitt ár fyrir kúabú, þar sem ekki var ágreiningur um þá niðurstöðu):

„Ýmsar tekjur" virðast því vera notaðar sem nokkurs konar „ruslakista" fyrir þær tekjur sem ekki er hægt að heimfæra á aðalbúgreinar eða aukabúgreinar. Samkvæmt fyrrgreindri upptalningu myndu einungis „heysala","söluhagnaður" og „annað" koma með til verðútreikninga.

Niðurstöður útreikninga sýndu eftirfarandi hlutfall þessara liða af ýmsum tekjum (tafla 11).

Tafla 11. Hlutfall af "ýmsum tekjum" sem skapa kostnað á móti í verðlagsgrundvelli að mati framleiðendafulltrúa.

Kúabú	91.2%
Sauðfjárbú	43.0%

Hlutfall „ýmissa tekna" af heildartekjum sem verjanlegt er að reikna með í verðlagsgrundvelli er reiknað samkvæmt niðurstöðum úr töflu 10 og töflu 11, og kemur fram í töflu 12.

Samkomulag var um að reikna með 1.0% í aðrar tekjur í verðlagsgrundvelli fyrir mjólkurframleiðslu. Ekki náðist samkomulag um hlutfall ýmissa tekna í sauðfjárgrundvelli, og var þeim ágreiningi vísað til yfirnefndar. Hún felldi þann dóm að hann skyldi vera 1.0% af gjaldahlið, án frekari rökstuðnings.

3. Ágreiningur um ársfjórðungslegar hækkanir kindakjöts.

Fulltrúar neytanda héldu því fram að ársfjórðungslegar hækkanir kindakjöts, sem fram koma 1. mars. og 1. júní. ár hvert skyldu teljast fyrirframgreiðsla á verði til bænda á hausti komanda. Því töldu þeir að upphæð, sem næmi rúmlega 120 þúsund krónum, skyldi koma tekjumegin í sauðfjárgrundvöll undir heitinu „Fyrirframgreiðsla".

Fulltrúar framleiðenda vísuðu hins vegar í búvörulög, þar sem nákvæmlega er tilgreint á hvern hátt skuli staðið að greiðslum fyrir innlagt dilkakjöt, og þar tiltekið að bændur skuli fá:

„Viðbótargreiðslur vegna hækkana, sem verða kunna við ársfjórðungslegar breytingar verðlagsgrundvallar í hlutfalli við óseldar birgðir í landinu 1. des., 1. mars og 1. júní, er inntar séu af hendi eigi síðar en 15. mars, 15. júní og 15. september."

Gunnar Guðbjartssson skrifaði grein í Árbók landbúnaðarins árið 1985, þar sem hann skilgreinir rökin fyrir þessu fyrirkomulagi.

Niðurstaða yfirnefndar var sú að afstaða framleiðendafulltrúa væri í fullu samræmi við búvörulögin, og því var kröfu neytendafulltrúa hafnað.

Tafla 12. Ýmsar tekjur sem hlutfall af heildartekjum.

	Meðaltal 3ja ára	Leiðr. hlutfall		Niðurstaða
Kúabú	1.06	× 0.912	= 0.97%	(ýmsar tekjur sem hluti
Sauðfjárbú	1.28	× 0.43	= 0.55%	af heildartekjum búsins).

4. Hversvegna hækkaði verðlagsgrundvöllur sauðfjárafurða sl. haust ekki jafnt og nam hlutfalli frestunar og annarra tekna af heildargjöldum haustið 1986?

Þessari spurningu hefur verið varpað fram í haust öðru hverju, og þykir því rétt að skýra þetta út hér. Fyrir þessu eru tvær megin ástæður:

1) Yfirnefnd felldi þann dóm að hlutfall annarra tekna skyldi vera 1.0% af heildarniðurstöðu gjaldahliðar.

2) Þegar verðlagsgrundvelli hefur verið sagt upp, og hann er endurskoðaður á haustdögum, er verðlagsgrundvellinum stillt upp í heild sinni, með tilliti til þeirra forsendna sem taldar eru réttastar, bæði tekna- og gjaldamegin. Magn vinnu, kjarnfóðurs og áburðar lækkaði í hinum nýja grundvelli, þó svo að þar munaði mest um lækkun kjarnfóðurliðar. Vegna breyttra forsendna er því útilokað að hækkunin verði nákvæmlega sú sama og nam frestuninni sl. haust.

Fylgiskjal II.

Bréf frá Stéttarsambandi bænda til Steingríms J. Sigfússonar.
(25. mars 1988.)

Reynt verður að draga saman þau efnisatriði sem máli skipta varðandi ökumannstryggingu samkvæmt lögum nr. 50/1987.

Bændur eru farnir að fá rukkanir fyrir ökumannstryggingu og framrúðutryggingu fyrir hvert ökutæki (bíla, traktora, vélsleða og fjórhjól) sem skráð eru á viðkomandi búi. Tryggingarupphæðin er sem hér segir:

Ökumannstrygging 3200 kr. á hvert ökutæki.

Framrúðutrygging 1145 kr. á hvern traktor.

Ofan á þessar fjárhæðir reiknast 24% söluskattur.

Hér er því greinilega um verulegar fjárhæðir fyrir marga bændur, til að mynda þá sem hafa þrjá til fjóra traktora, tvo til þrjá bíla og vélsleða.

Alls nemur hækkun tryggingaiðgjalda tugum milljóna fyrir landbúnaðinn af þessum sökum.

Nú má segja að skilmálar þessarar tryggingar og bótagreiðslur séu mun betri en voru áður, en hitt virðist mér óljóst af þeim gögnum sem ég hef fengið yfir hvaða slys tryggingin nær. Ef hún nær einungis yfir slys sem viðkomandi verður fyrir sem ökumaður, en ekki vegna vinnu við vélina eða áföst tæki, þá er þar um að ræða alvarlega gloppu því að vinnuslys í landbúnaði verða ekki síður á þann hátt heldur en sem bein ökumannsslys.

Hvað varðar iðgjaldaákvörðun þá virðist hún vera í aðalatriðum byggð á áætlunum um líklegar bótaskyldur út frá slysatíðni liðinna ára. Þó vekur athygli að uppbæðin er því sem næst hin sama og ökumannstrygging bifreiða.

Um tvítryggingu er að ræða í mörgum eða flestum tilvikum. Bændur slysatryggja sig og starfsfólk sitt en eru hér með skyldugir til að kaupa sérstaka ökumannstryggingu. Einnig eru þeir skyldaðir til að kaupa sérstaka framrúðutryggingu, enda þótt fjöldi dráttarvéla sé ekki með framrúðu.

Bændur hafa rætt mikið um á hvern hátt eigi að bregðast við þessum álögum. Eðlilegast virðist að þeir afskrái dráttarvélar þann tíma sem þær eru ekki í notkun því að mikill hluti vélanna er einungis í notkun á sumrin. Það býður þeirri hættu heim að óskráðar vélar verði almennt í notkun. Einnig eru þeir bændur mjög ósáttir við þessar aðferðir sem hafa þegar keypt sér heildartryggingarpakka fyrir búið sem heild, þar með talda slysatryggingu ökumanns.

Af framanskráðu er ljóst að nauðsyn ber til að hraða heildarendurskoðun á tryggingamálum landbúnaðarins því að ófært er að bændur séu að greiða stórar upphæðir vegna tvítryggingar eða vegna þess að þeir hafa ekki möguleika á að velja hagkvæmasta kostinn.

Gunnlaugur Júlíusson.